

Íslenska

5. bekkur

Kennarar: Hanna Björk Hilmarisdóttir og Kristín Sesselja Kristinsdóttir

Tímafjöldi: 7 stundir

Menntagildi námsgreinar:

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er jafnframt öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber. Í 10. bekk er áhersla lögð á að nemendur þjálfist í að geta flutt mál sitt af öryggi, með og án stafrænna miðla og beiti við það m.a. viðeigandi áherslum og jafnvel leikrænni tjáningu. Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur hafi náð góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir hafi góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsi ritun í skipulagðar ritgerðir s.s. kjörbóka- og heimildaritgerðir. Nemendur þurfa bæði að geta sett efni sitt fram skriflega og með stafrænum miðlum. Í málfræði nýta nemendur þá þekkingu sem þeir hafa þegar öðlast í yngri bekkjum og byggja ofan á hana. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á tungumáli sínu.

Í íslenskunámi í 5. bekk er áhersla lögð á að nemendur læri að sýna sjálfstæði og að bera ábyrgð á eigin námi.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingaáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skýrt og áheyrilega • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar, • tekið þátt í samræðum, • hlustað af athygli og sett sig í spor annarra, • nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi, 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur æfa framsögn með ýmsum hætti. Einu sinni á önn kynna þeir frjálslestrarbók sem þeir hafa lesið. Auk þess kynna þeir hópverkefni og mega nýta til þess þá miðla sem þeim hentar. • Við lestur námsbóka og á bekkjarfundum fá nemendur þjálfun í að taka þátt í umræðum um hin ýmsu málefni og mikilvægi þess að virða skoðanir annarra. • Eftir hlustun og/eða lestur skáldsagna, smásagna og ljóða eða áhorf á kvikmyndum eða öðru myndefni fara fram umræður þar sem nemendur eru hvattir til þess að tjá skoðanir sínar á efninu og ræða mismunandi hliðar málsins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat sem felst í því að nemandi fær leiðbeiningar um vandaðan upplestur og framsögn.
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi, • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta, • greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, • lesið sér til ánægju og fróðleiks, • lesið gamlar og nýjar bókmenntir þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum, • þekki hugtök eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur, 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa jafnt og þétt í frjálslestrarbókum yfir allt skólaárið heima, á lestrarstundum (10-15 mínútur dag hvern). Lesa reglulega fyrir kennara og skrá lesturinn í lestrardagbók. • Notast verður við fjölbreytta texta og fjölbreytt málfar verður í hávegum. • Ljóðaverkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat í hópa- og einstaklingsvinnu. • Lesskilningskannanir <p>5. bekkur Orðarún 1 - lesskilningspróf Orðarún 2 - lesskilningspróf</p> <p>Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.</p> <p>Viðmið í lesfimi við lok 5. bekkjar: 160 orð eða meira á mínútu, mjög góður árangur. 140 –160 orð á mínútu, góður</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi og líkingar, • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, • valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju, 		<p>árangur. 90 – 140 orð á mínútu, nokkuð góður árangur. Nemendur sem ekki hafa náð um 90 orðum á mínútu í lesfimiþrófi í september þurfa frekari þjálfun og í sumum tilfellum sérúrræði.</p>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, skrifað texta í tölvu, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu og notað orðabækur • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun. Tjáð hugmyndir sínar og reynslu og kynnt ritunina, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ýmis ritunarverkefni unnin heima og í skóla og mun ritun að miklu leyti tengjast þeim námsþáttum eða námsefni sem unnið er með hverju sinni. Ritun er bæði unnin í stílabók og í tölvu. • Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð, skrift og frágang. • Ýmis ljóðaverkefni unnin í þema • Gerðar verða fjölbreyttar stafsetningaæfingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lokamat - stafsetningarkannanir og ritunarverkefni. • Leiðsagnarmat – frágangur í vinnubókum, skrifarbókum og ritunarverkefni.

Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkra grein fyrir eigin máli, • notað nokkuð ríkulegan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við tal og ritun, • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál, • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í orðflokkana, þekki sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra, • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu, • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við stafsetningu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið verður með orðtök og málshætti • Farið verður í orðaleik þar sem nemendur finna orð sem þeir ekki skilja, fræðast um merkingu þess og kynna fyrir samnemendum sínum. • Farið verður í orðflokkana: nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Nemendur æfa sig í að greina orð í orðflokkana. • Nemendur læra ýmsar skammstafanir sem þeir geta nýtt sér í textagerð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lokamat - málfræðikannanir. • Leiðsagnarmat – hugtakakort og ýmis þemaverkefni tengd orðtökum og málsháttum.
<p>Kennslugögn: Orðspor - lesbók og vinnubók, Málrækt 1, stafsetningaæfingar (Ritun rétt af mms.is) og ritunarverkefni, Skrift 5, Frjálslestrarbækur, Hér býr norn lesbók og vinnubók, Hér býr Vampýra lesbók og vinnubók, Risastórar smásögur af vefi mms.is</p> <p>Ítarefni: Ljósritað efni (Mál í mótun – vb, Litabækur - lesskilningur)., Rétttritunarorðabók, Stafsetning-ritreglur og æfingar. Efni af vef, Vandamálið: Þetta er málið – lesbók og vinnubók</p>			